

SKÓLAREGLUR SMÁRASKÓLA ELDRA STIG



Virðing, vizka, vöxtur og víðsýni

Nemendur og foreldrar/forráðamenn þeirra er hvattir til að kynna sér vel skólareglur Smáraskóla og skrifa undir yfirlýsingu þess efnis að þeir styðji þær aðferðir sem skólinn hefur kosið að nota. Grundvöllur að góðu skólastarfi er að hver og einn sýni sjálfum sér og öðrum virðingu með framkomu sinni, orðum og gjörðum, taki ábyrgð á sjálfum sér og virði þær reglur sem í gildi eru.



Uppbyggingastefnan (restitution)

Eins og gamalt afrískt máltæki segir þá þarf heilt þorp til að ala upp eitt barn.

Í Smáraskóla hefur starfsfólk skólans ákveðið að vinna samkvæmt Uppbyggingarstefnunni eða uppeldi til ábyrgðar – uppbygging sjálf-saga. Við teljum að til þess að við getum sem best uppfyllt þá skyldu okkar að ala upp og mennta sjálfstæða einstaklinga með sterka og góða sjálfsmynd, þá þurfum við að vanda vel til allra samskipta og hafa samskiptareglur okkar skýrar og aðgengilegar.


Uppbyggingarstefna er aðferðarfræði Diane Gossen og samstarfsfólks hennar og miðar að því að breyta skólamenningu og aga-stjórnun, stefnan er einkum reist á kenningum William Glassers.

Meginatriðið er að kenna börnum og unglíngum sjálf-saga, sjálfstjórn og ýta undir sjálfstraust.

Uppbygging sjálf-saga leggur áherslu á jákvæð samskipti fremur en reglur, á ábyrgð fremur en blinda hlýðni og á virðingu fremur en stjórnugjöf. Treyst er á hæfileikann til sjálfstjórnar og að hver og einn geti hugsað áður en hann framkvæmir og brugðist rétt við aðstæðum.

Uppbygging sjálf-saga hvetur hvern og einn til að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum. Aðferðin nýtist við bekkjarstjórnun þar sem allir eiga að fá að vaxa og njóta sín. Í samskiptum er unnið með ábyrgð og virðingu í stað reglna og umbunar.

Þarfahringurinn er stór þáttur í starfinu en þar er einmitt fjallað um að allir hafi þörf fyrir að tilheyra, hafa áhrif, vera frjálsir, lifa við



Dags: ___/___/2011



Ég hef kynnt mér agareglur í Smáraskóla og mér er vel kunnugt um þann feril sem agabrot hafa í för með sér. Ég er tilbúin(n) til samstarfs við skólann um að tryggja sem best öryggi barns míns og skapa því sem eðlilegast námsumhverfi. Jafnframt lýsi ég því yfir að ég stend með aðgerðum skólans í skólasóknar og agamálum.

Nafn nemanda _____ Bekkur _____

Foreldrar/forráðamenn:

Undirskrift _____

Hvaða úrræði hefur skólinn ef nemandi þiggur ekki að vinna að úrbótum eða gengur illa að fóta sig í skólanum?

- Gerður samningur með skilyrðum.
- Reglulegir stöðufundir með kennara og deildarstjóra.
- Nemandi er boðið að þiggja aðstoð námsráðgjafa.
- Tilvísun til sálfræðings skólans (alltaf með samþykki foreldra).
- Fundur með öllum kennurum skólans sem koma að viðkomandi nemanda.
- Stundaskrá nemanda skert tímabundið (ávallt með samþykki foreldra).
- Foreldrar fylgja nemanda í kennslustund eða kennslustundir.
- Ráðinn stuðningsfulltrúi.
- Sérstakt eftirlit og eftirfylgni í frímínútum.
- Nemandi er vísað í sérúrræði á vegum Kópavogsbæjar.



öryggi og gleði. Séu þessar þarfir ekki uppfylltar getur skapast vanlíðan sem getur svo aftur leitt til slæmrar hegðunar. Þetta er aðferð við að ná jafnvægi og innri styrk eftir að hafa beitt samferðamenn sína rangindum eða lent upp á kant við þá.

Mistök eru óumflýjanleg, slys eru hluti af lífinu. Uppbygging gerir manni kleift að endurheimta sjálfsvirðingu með eigin viðleitni. Uppbygging er í þágu þess sem hefur verið rangindum beittur; hún er líka í þágu þess sem hefur beitt annan rangindum.

Það er í lagi að gera mistök.

Við gerum öll mistök í lífinu, hvort sem um er að ræða börn eða fullorðna, nemendur eða starfsfólk. Það skiptir öllu máli hvernig við ætlum að bæta fyrir þau.

Leitast er við að ná samstöðu um lífsgildi til að hafa að leiðarljósi og fylgja þeim síðan eftir með fáum skýrum reglum.

Spurt er bæði hvernig við viljum vera og hvað við þurfum að gera til að ná eigin markmiðum í sátt og samlyndi við samferðamenn.



Samskipti og skólareglur

Smáraskóli er framsækinn skóli sem byggir á gömlum gildum. Í daglegu starfi skólans er menntun og mannrækt höfð að leiðarljósi. Einkunnarorð skólans eru virðing, vöxtur, vizka og víðsýni. Í skólastarfinu reynir á faglegt frumkvæði, gleði, hugmyndaauðgi, sveigileika og velvilja. Við skólann starfar metnaðarfullt og traust starfsfólk sem vil að börnin í skólanum nái framúrskarandi árangri á öllum sviðum mannlífsins.

Orð eru til alls fyrst og það eykur öryggi allra að vita hvernig unnið er með samskipti.



Stundvísi og góð ástundun

Mikilvægt er að nemendur temji sér stundvísi og mæti vel í skólann. Kennarar skólans skrá ástundun nemenda í Mentor. Skólinn lítur svo á að þjálfun í stundvísi og mætingum sé undirbúningur undir lífið. Mikilvægt er að foreldrar hringi á skrifstofu skólans strax að morgni ef um veikindi eða önnur forföll er að ræða. Foreldrar geta sótt um leyfi tvo daga til umsjónarkennara eða ritara. Þurfi nemendur lengri tíma þarf að sækja um það skriflega á eyðublöðum sem liggja frammi í afgreiðslu skólans eða senda skólastjórnendum umsókn rafrænt.

Ef nemandi sýnir alvarlegt ofbeldi, stelur eða fremur innbrot í skóla þá:

Metur skólastjóri hvaða leið hann fer en alltaf er foreldrum tilkynnt um málið og nemandi sendur heim á meðan málið er unnið í skólanum.

Ef um ofbeldi er að ræða hefur skólastjóri samband við foreldra þolanda. Ef ekki er um kæru að ræða leitar skólastjóri heimildar foreldra til lausnar málsins innan skólans.

Skólastjóri hefur samband við fræðslu- og skólayfirvöld og óskar eftir aðkomu þeirra að málinu.

Tilkynning send til Barnaverndar Kópavogs ef talin er þörf á.

Ef um lögbrot er að ræða tilkynnir skólastjóri foreldrum um málið og hefur svo samband við lögreglu. Ef lögreglurannsókn leiðir í ljós að um minniháttar lögbrot hefur verið að ræða þá fer framhald málsins samkvæmt lausnarleiðum skóla. Ef um alvarlegt lögbrot hefur verið að ræða tilkynnir lögregla barnavernd um málið og aðilar menntasviðs, skóla og foreldra vinna að lausn málsins. Finnist ekki viðunandi lausn innan heimaskóla sér Menntasvið Kópavogs um að útvega nýtt skólaúrræði.





Ástundunarkerfið á eldra stigi:

12 punktar—Umsjónarkennari kallar nemandann á sinn fund til að ræða stöðuna og sendir svo forráðamönnum bréf til upplýsingar.


24 punktar—Umsjónarkennari fundar með foreldrum og nemandanum—skráir í Mentor.

36 punktar—Námsráðgjafi, foreldrar og umsjónarkennari hittast og nemandi fær tíma hjá námsráðgjafa til að gera áætlun um að bæta stöðuna. Nemanda getur verið meinuð þátttaka í nemendaferðum og félagsstarfi skólans.

48 punktar. Skólustjóri og foreldrar hittast á fundi með það að markmiði að finna lausn.

60 punktar. Skólustjóri vísar máli nemandans til skólayfirvalda í Kópavogi.

Skólinn hefur í gildi áætlun til úrbóta fyrir þá nemendur sem einhverra hluta vegna hafa lækkað verulega í skólasóknareinkunn. Einu sinni á önn gefst nemendum tækifæri til að hækka skólasóknareinkunn sína með því að gera úrbótaáætlun og skrifa undir samning þess eðlis að þeir verði án punkta í fyrirfram ákveðinn tíma. Nemendur sækja um að gera slíkan samning til umsjónarkennara.



Ástundunareinkunn er skráð á vitnisburðarblað nemenda í lok hverrar annar. Nemendur byrja hverja önn með 10 í ástundunareinkunn.



Skólareglur Smáraskóla



Almenn umgengni

- Við göngum snyrtilega um skólann okkar.
- Við förum úr útiskóm og setjum þá á sinn stað.
- Við hengjum yfirhafnir á snaga.
- Við neytum matar í nestis- og matartímum á viðeigandi stöðum.
- Allir skulu hjálpast að við að hafa snyrtilegt í kringum sig og viðhafa góða borðsiði.

Samskipti og háttsemi

- Við sýnum öllu starsfólki og hvert öðru kurteisi, tillitssemi og virðingu.
- Við förum eftir fyrirætlum kennara og starfsfólks skólans.

Stundvísí og ástundun

- Við mætum á réttum tíma í allar kennslustundir.
- Við leggjum okkur fram við námið og sýnum metnað í að gera ávallt okkar besta.
- Við mætum með viðeigandi námsgögn í kennslustundir.

Hollusta og heilbrigði.

- Við komum vel úthvild og með hollt nesti í skólann.
- Við komum ekki með sæta drykki, gos eða sælgæti í skólann nema við sérstaklega auglýst tækifæri.
- Við hvorki notum né höfum meðferðis; tóbak, áfengi eða önnur vímuefni á starfsvettvangi Smáraskóla.

Ábyrgð nemenda.

- Við slökkvum á farsímum og öðrum hljóðgjöfum í kennslustundum og geymum ofan í skólatösku. Öll slík tæki eru á ábyrgð nemenda.
- Við notum ekki hjól, vélhjól, hlaupahjól, hjólabretti eða línuskauta á skólalóð á skólatíma. Slík tæki eru á ábyrgð nemenda og foreldra.
- Við förum ekki út af skólalóðinni á skólatíma nema með leyfi kennara.
- Við komum ekki með eldfæri, hnífa eða annað í skólann sem getur skaðað nemendur eða aðra í skólanum.

Réttindi og skyldur.

- Við eigum rétt á vinnufrið í kennslustundum.
- Við stríðum ekki og leggjum ekki í einelti.
- Við virðum og förum eftir settum reglum.

Reglur um skólasókn og ástundun

Samkvæmt lögum eru foreldrar ábyrgir fyrir því að börn þeirra sæki skóla. Skólastjóra ber að vísa ófullnægjandi skólasókn nemanda til fræðslu- og barnaverndaryfirvalda. Smáraskóli notar Mentor til að halda utan um skráningar á mætingu, skólasókn, heimanám og sérstakar tilkynningar. Foreldrar eru hvattir til að fylgjast vel með skráningum á Mentor. Umsjónarkennarar sjá um skráningar á mætingu, skólasókn og einnig ef agamál koma upp.

En hver eru viðmiðin fyrir óásættanlegri hegðun?

- **Ef nemandi ögrar, þrasar, lendir í rifrildi, truflar athafnir, leiki eða vinnu annarra. Hann gengur illa um og notar særandi eða niðrandi orðbragð (s.s. í matsal).**

Þá ræðir starfsmaður (kennari eða aðrir starfsmenn) við nemandann, honum er leiðbeint og gefið tækifæri til að leiðrétta mistök sín. Upplýsingar gefnar til umsjónarkennara sem skráir í Mentor.

- **Ef nemandi neitar að fylgja fyrirmælum, er ókurteis, hrekkir og stríðir öðrum eða lendir í stypingum þá:**

Hefur umsjónarkennari samband heim til foreldra ásamt því að skrá í Mentor. Ef nemandi sýnir ekki breytingu á hegðun sinni þá kallar umsjónarkennari foreldra á sinn fund ásamt barninu.

- **Ef nemandi sýnir ógnandi hegðun, lendir í slagsmálum eða skemmir eigur annarra eða skólans þá:**

Er viðkomandi nemandi færður til deildarstjóra og rætt við hann. Umsjónarkennari skráir atvikið í Mentor og lætur foreldra vita. Láti nemandi sér ekki segjast ræðir deildarstjóri við nemandann um bættu hegðun ásamt foreldrum. Jafnvel gerir nemandi samning þar sem hann lýsir því hvernig hann ætlar að bæta sig. Að viku liðinni er metið hvernig gengur að fara eftir samningnum. Niðurstöður skráðar í Mentor.

Til að veita nemendum í 6.–10. bekk aðhald varðandi ástundun notum við í Smáraskóla punktakerfi. **Langflestir** nemendur fara eftir þeim samskiptareglum sem í gildi eru bæði auðveldlega og án umhugsunar. Alltaf er þó gott að setja skýrar reglur og viðurlög til að hjálpa nemendum að axla ábyrgð á eigin hegðun og leiðbeina þeim. Upplýsingar um ástundun nemenda er skráð beint í Mentor og foreldrar eru boðaðir á fund ef ástundun er ekki ásættanleg og kennari eða skólastjórnandi fer yfir stöðuna með það að markmiði að bæta úr.

Seint (1 punktur) - Nemandi kemur of seint í kennslustund (búið að lesa upp/kennsla hafin)

Fjarvist (2 punktar) nemandi mætir meira en 15 mín. eftir að kennsla hefst eða alls ekki.

Brottvísun úr tíma (3 punktar) Nemandi er vísað út úr kennslustund. Foreldrar eru látnir vita.

Truflun í tíma (1 punktur) Nemandi truflar kennslu og veldur því að aðrir nemendur fái ekki vinnufrið og kennari ekki næði til kennslu.

Heimavinnu ólokið (1 punktur).

Án námsgagna (1 punktur).

Í upphafi skólaárs fá nemendur og foreldrar í hendur skjal til undirritunar þar sem foreldrar lýsa yfir stuðningi við það agakerfi sem skólinn hefur kosið að nota.

